

11. fundur nefndar um málefni fatlaðra var haldinn í Ráðhúsinu 29/4 2013 kl. 17:30

Mættar voru: Hanna Jónsdóttir, Margrét Ebba Ísleifsdóttir, Hafrún Guðmundsdóttir. Enginn boðaði forföll.

Hanna setti fund kl. 17:30 og bauð nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Staðan í dag.

Rædd var staða félagslegrar viðveru í félagsmiðstöðinni.

X-ið hefur verið opið fyrir þennan hóp síðan í byrjun febrúar, ráðinn var starfsmaður. Tímanum hefur verið aldurskipt, grunnskólaaldurinn 1 klukkutíma og hálf tíma síðar er eldri hópurinn með 1-klukkutíma.

Staða liðveislu áfanga í FSN. 1 nemandi er í áfanganum liðveisla 101.

Hafrún sagði frá að á næsta skólaári verði áfangi í boði sem fellst í að vera skólavinur.

Símenntun: Listasmiðja var starfandi .1 laugardag í mánuði á sama tíma og Gufuskáláhelgin, það var vel sótt og ánægja með námskeiðið.

Listasmiðja eyddi einum degi með Ellý þar sem unnið var með leiklist og tónlist, sett var upp leikrit. Dagurinn heppnaðist einstaklega vel og vakti mikla ánægju.

Símenntun stefnir áfram á að koma til móts við hópinn með staðsetningu og stefnir að halda áfram að finna úrræði sem henta hópnum.

2. Tillögur að mótun / skipulagi þjónustunnar.

Félagsleg viðverða fatlaðra: Ræddar voru hugmyndir varðandi félagslega viðveru fyrir fatlaða upp kom sú hugmynd að 18 ára og eldri verði úthlutaður tími eitt kvöld í viku c.a tvo tíma í Setrinu, verkefni miðist út frá áhuga hópsins sem þangað myndi sækja. Félagsleg viðvera fyrir yngrastig verði á almennum opnunartímum í X-inu. Sérstökum úthlutaðum tíma fyrir fatlaða verði lagður niður.

Íþróttir fatlaðra liggja enn niðri og er það áhyggjuefni nefndarinnar að íþróttirnar leggist af.

3. Önnur mál.

Réttindagæslumaður fatlaðra heimsótti Ásbyrgi var með kynningu á réttindagæslu fatlaðra og bauð upp á viðtöl.

Bréf barst frá endurhæfingu þekkingarseturs, það býður uppá sérhæfðri ráðgjöf varðandi fjölfatlaða.

Sumarþjónusta fatlaðra verður staðsett í félagsmiðstöðinni.

Búið er auglýsa eftir störfum í sumarþjónustuna og Ásbyrgi umsóknir eru þegar farnar að berst.

Fundargerð ritaði Hafrún Bylgja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Hanna Jónsdóttir (sign.),

Hafrún Guðmundsdóttir (sign.),

Margrét Ebba Ísleifsdóttir (sign),